



Umsagnir fyrirtækja

Við hjá Vífilfelli hf. vitum að símenntun á vinnustað skilar árangri í formi starfsánægju og hæfara starfsfólks, starfsfólks sem er tilbúnara til að takast á við ný verkefni og breytingar í umhverfinu, getur tekist á við nýsköpun og hefur meiri víðsýni og reynslu til að betrumbæta starfsaðferðir sínar. Það leiðir aftur til aukinnar framleiðni og betri aðferða við að leysa verkefni.

-Anna María Pétursdóttir, starfsmannastjóri Vífilfells hf.

Án fræðslustarfs meðal starfsmanna er vonlaust að fá gæðavottun og halda henni. Við hefðum ekki náð þessum árangri í gæðavottun fyrirtækisins nema með markvissri þjálfun starfsmanna.

- Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og starfsmannastjóri Hópbíla/Hagvagna ehf.